

Þetta er í okkar höndum

Íslenskur sjávarútvegur tekur hlutverk sitt alvarlega sem framleiðandi hágæðamatvæla og ein af burðarstoðum efnahagslegrar hagsældar þjóðarinnar. Fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa markað sér stefnu í samfélagsábyrgð sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Forsvarsmaður fyrirtækis, sem ritar undir stefnunna, ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt.

Samfélagsstefnu sjávarútvegs má sjá í heild sinni á samfelag.sfs.is



Vinum að verðmætasköpun og framþróun

Nýsköpun og fjárfesting er mikilvæg forsenda árangurs í umhverfismálum. Þannig leggjum við grunn að verðmætum störfum í sjávarútvegi og tengdum atvinnugreinum.



Heilbrigt haf - allra hagur

Gott ástand fiskistofna er íslenskri þjóð stórt efnahagslegt og félagslegt hagsmunamál. Við umgöngumst náttúruna af ábyrgð en það er skilyrði fyrir sjálfbærri nýtingu á fiskistofnum við Ísland.



Stjórnarhættir

Innleiðum starfs- og siðareglur

Við erum heiðarleg í viðskiptum og gætum að orðspori íslensks sjávarútvegs

Við förum eftir lögum og reglum

Við leggjum okkar skerf til samfélagsins

Við hvetjum starfsfólk til að tilkynna brot í starfseminni til stjórnenda fyrirtækisins

Við stuðlum að gagnsæi og birtum ófjárhagslegar upplýsingar



Umhverfið



Bætum hringrásina

Við nýtum auðlindir hafsins á sjálfbæran og lögmætan hátt

Við flokkum allt sorp sem fellur til á sjó og landi

Við komum veiðarfærum í endurvinnslu

Við lágmarkum umhverfisáhrif af flutningum og umbúðum

Við leggjum okkur fram við að uppræta brottkast

Lágmarkum sótsporið

1. Mælum sótsporið
2. Drögum enn frekar úr losun
3. Jöfnum og bindum kolefni



Félagslegir þættir



Við tryggjum jöfn tækifæri og virðum fjölbreytileika

Við líðum ekki mismunun

Við vinnum markvisst að öryggis- og vinnuverndarmálum

Við styðjum starfsfólk til að auka þekkingu sína og færni

Við tökum öll virkan þátt í að gera vinnustaðinn betri

